

**Svara mennta- og menningarmálaráðuneytis við fyrirspurn frá Fjárlaganefnd vegna frumvarps til fjárlaga 2022 dags. þann 13.12.2021.**

1. Óskað er eftir minnisblaði um þróun framlaga til Austurbrúar.

**SVAR:**

Austurbrú - framlög 2015-2022								
	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022 frumvarp
Fast framlag	54,0	55,2	55,8	56,0	58,2	59,8	60,8	64,2
Tímabundið framlag	30,0	25,0		30,0	30,0	30,0	30,0	
<b>Heildarframlag</b>	<b>84,0</b>	<b>80,2</b>	<b>55,8</b>	<b>86,0</b>	<b>88,2</b>	<b>89,8</b>	<b>90,8</b>	<b>64,2</b>

2. Óskað er eftir yfirliti um þróun framlaga til Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

**Svar:** Þessi stofnun er ekki í umsjón Mennta- og menningarmálaráðuneytis heldur Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

3. Óskað er eftir minnisblaði um þróun í aldursskiptingu nemenda í verknámi.

**Svar:** Haustið 2019 voru framhaldsskólarnir opnaðir enn frekar fyrir nemendum á öllum aldri og var mikil fjölgun á framboði til starfsnáms, sér í lagi dreifnámi eða lotunámi hjá framhaldsskólum. Það aukna framboð gerði það að verkum að fullorðið fólk sá sér frekar fært að fara í starfsnám. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aldursskiptinguna frá árinu 2019 eða fyrr en samkvæmt upplýsingum frá Menntamálastofnun þá hafa verið um 7 þúsund starfsnámsnemendur (einstaklingar) í framhaldsskólum á tveimur síðustu árum.

Nemendur í starfsnámi, hausatala					
	Haust '20	% af heild	Haust '21	% af heild	% br. milli ára
16 og yngri	808	12%	836	12%	3%
17 - 18 ára	1.151	17%	1.217	17%	6%
19 - 24 ára	1.928	28%	1.842	26%	-5%
25 og eldri	2.924	43%	3.242	45%	11%
Samtals	6.810		7.137		5%

Tafla 2: Nemendur í starfsnámi, einstaklingar, upplýsingar teknar af vef Menntamálastofnunar.

Nemendum í starfsnámi hefur fjölgað um 5% eða um 327 nemendur á milli árána 2020 og 2021. Fjöldi nemenda 16 ára og yngri sem skrá sig beint í starfsnám fjölga um 3% milli ára eða 28 nemendur. Hlutfall nemenda 16 ára og yngri hækkar úr 14,9% haustið 2020 í 15,4% haustið 2021 af heildar fjölda 16 ára og yngri nemenda. Þetta er að aukast þrátt fyrir að fjölgunin sé ekki í samræmi við aukningu nemenda í starfsnámi. Það sama á við aldurshópinn 17 – 18 ára, þar sem hlutfallsleg fjölgun um 6% á milli ára en hækkar hlutfall þeirra sem velja starfsnám á þessum aldri úr 16% í 16,5%. Aðalbreytingarnar verða á aldrinum 19 ára og eldri en þar getur breytingin verið tilkomin vegna vinnustaðanáms en á meðan nemandi er í vinnustaðanámi þá er hann ekki skráður í skólann.


Að jafnaði má segja að það séu um 29% nemenda sem eru 18 ára og yngri í starfsnámi og 71% nemenda sem eru 19 ára og eldri. Stærsti hópur nemenda í starfsnámi er 25 ára og eldri eða rúmlega 43%.

- a. Eru uppi áform um að skipta yngri verknámsnemendum og þeim eldri í tvo hópa m.a. til að reyna að fjölga nemum í verknámi?

**Svar:** Verið er að skoða áhrif aldurs á kostnað vegna nemenda með þeim tilgangi að breyta líkaninu þannig að það taki tillit til aldurs nemenda. Dagskólanemendur eru yfirleitt yngri en 20 ára og þeir þurfa meira aðhald og þjónustu en fullorðnir einstaklingar sem taka nám með vinnu síðdegis, um kvöld og/eða helgar. Málið er til skoðunar í ráðuneytinu.

4. Hvernig hafa fjárframlög til framhaldsskólanna þróast undanfarin ár?

**Svar:**



Upplýsingar um heildarframlög til málaflokks 20.10 á núvirði.

Hluti af breytingunni í fjárlögum 2021 er verkefnið Nám er tækifæri hófst á vorönn árið 2021 og lýkur núna á vorönn 2022. Veitt var 1.728 m.kr. tímabundið framlag til framhaldsskólastigs í tengslum við verkefnið sem var ætlað að veita atvinnuleitendum tækifæri til þátttöku í námsúrræðum á framhalds- og háskólastigi, auk framhaldsfræðslu. Verkefnið var hluti af ráðstöfun ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19. Framlagið byggðist á mati framkvæmdarnefndar um Nám er tækifæri, þar sem gert er ráð fyrir nemendum á framhaldsskólastigi fjölgi um 1.200 á árinu 2021 á grundvelli verkefnisins. Gert var ráð fyrir að árið 2022 yrði sótt um 1.152 m.kr. framlag vegna framhaldsskólastigs vegna verkefnis.

Þessar 1.728 m.kr. sem komu tímabundið inn árið 2021 urðu að 41 m.kr. tímabundnu framlagið í frumvarpi til fjárlaga 2022 vegna minni þátttöku en gert varð ráð fyrir. Þessi breyting útskýrir hluta af lækkun fjárheimilda á málefnasviðinu.

- a. Hafa fjárframlög til framhaldsskólanna dregist hraðar saman en fjöldi nemenda?

**Svar:** Þegar hér er talað um nemendur er átt við reiknaða nemendur í fullu námi. Nemandi í fullu námi er hugtak sem komi í stað hugtaksins ársnemandi sem notast var við í eldra reiknilíkani framhaldsskóla. Fullt nám er skilgreint sem 60 einingar á ári í aðalnámskrá framhaldsskóla. Nemendur eru aldrei taldir fleiri en höfðatala í viðkomandi skóla. Þar sem stúdentsbraut er skipulögð sem 200 eininga nám að lágmarki og nemendur skila að jafnaði fleiri en 60 einingum á ári er tekið tillit til þess í verðflokkum stúdentsbrauta. Nemendur á starfsbrautum/sérnámsbrautum fyrir fatlaða eru alltaf taldir óháð einingafjölda.

Við vinnu fjárlaga fyrir árið 2021 komu inn þrjár viðbótar fjárheimildir til þess að bregðast við fjölgun nemenda. 500 m.kr. komu í fjárlagafrumvarpi vegna fjölgunar nemenda og við 2. umræður fjárlaga 2021 var nemendafjölgun endurskoðuð og komu þá inn 1.211 m.kr. Þegar að það var ljóst að nemendum fjölgaði mikið vegna heimsfaraldur kórúnuveirunnar Nemendum hafði fjölgað um 7,7% eða í 18.820 nemendur úr 17.480 nemendur eða fjölgun um 1.340 nemendur. Af þessum fjölda voru 39 nemendur frá starfsbrautum og var viðbótaframlag vegna þeirra 77 m.kr. til þess að bregðast við þeirri fjölgun.

Samtals hækkuðu fjárheimildir því um 1.788 m.kr. vegna fjölgunar um 1.340 nemendur eða um 1.334 þús.kr. á nemanda. Af þessum 1.788 m.kr. voru 1.288 m.kr. tímabundið framlag til eins árs

Við vinnu fjárlaga fyrir árið 2022 kom í ljós að nemendum hafði fækkað í framhaldsskólum og eru þeir núna 18.300 og fækkaði nemendum um 520 nemendur. Við vinnslu fjárlaga 2022 kom inn viðbótarframlag sem nemur 445 m.kr. Samtals eru því inni í rammanum 945 m.kr. vegna þeirra 820 nemenda sem komið inn í framhaldsskólanna eða að jafnaði 1.152 þús.kr. á nemanda.

5. Óskað er eftir minnisblaði um þróun reiknilíkans fyrir framlög til framhaldsskólans.

**Svar:** Þróun reiknilíkans um dreifingu fjármagns til framhaldsskóla, þ.e. opinberra framhaldsskóla og þriggja stórra einkaskóla, þ.e. Verslunarskólans, Tækniskólans og Menntaskólans í Borgarfirði. Ákveðnir þættir líkansins eru nýttir sem viðmið við samninga við minni einkaskóla á framhaldsskólastigi.

Frá árinu 2018 hefur nýtt reiknilíkan verið tekið í notkun í skrefum, þróað og innleitt. Stefnt var að því að líkanið yrði komið í fulla virkni við fjárlagagerð ársins 2022. Heimsfaraldur hefur því miður valdið miklum breytingum í rekstrarumhverfi framhaldsskóla bæði hvað varðar seinkun fjárlagagerðar og skyndilegrar nemendaaukningar í tengslum við aukið atvinnuleysi. Árin 2020 og 2021 hafa því ekki nýst sem skyldi við þróun og innleiðingu reiknilíkansins.

Gert var ráð fyrir að þegar reiknilíkanið yrði komið í fulla framkvæmd yrði fjöldi framhaldsskólanemenda í fullu námi einungis endurskoðaður fyrir hvern skóla á þriggja ára fresti. Þannig er stefnt að stöðugleika sem ætlað er að koma til móts við sáttmála ríkisstjórnarinnar um að tryggja framhaldsskólum frelsi og fjármagn til eigin stefnumótunar innan ramma framhaldsskólalaga. Vegna mikillar sveiflu í nemendatölum hefur ekki enn tekist að ná fram þriggja ára viðmiði.

Í innleiðingarferli líkansins fer fram sífelld endurskoðun á því hvort og hvernig markmiðum er best náð. Framhaldsskólakerfið hefur tekið breytingum á síðustu árum meðal annars á

Þann hátt að fullorðnir virðast leita í auknum mæli eftir að öðlast formleg námslok innan framhaldsskólakerfisins. Það er því umhugsunarvert hvort ástæða væri að breyta líkaninu þannig að það taki tillit til aldurs nemenda. Dagskólanemendur eru yfirleitt yngri en 20 ára og þeir þurfa meira aðhald og þjónustu en fullorðnir einstaklingar sem taka nám með vinnu síðdegis, um kvöld og/eða helgar. Málið er til skoðunar í ráðuneytinu.

#### Markmið nýs reiknilíkans

Gagnsæi: Nýju reiknilíkani er ætlað að dreifa fjármagni á sanngjarnan hátt með gagnsæi og einfaldleika að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að forsendur fjárveitinga til skóla séu skýrar.

Stöðugleiki: Grundvöllur fjárveitinga til skóla verði að jafnaði óbreyttur í þrjú ár í senn og styðji þannig við áætlanagerð skólastjórnenda til lengri tíma.

Stuðningur: Reiknilíkani er ætlað að styðja við farsælt skólastarf og stefnu stjórnvalda um menntun fyrir alla

#### Fjórir þættir reiknilíkans

Nýtt reiknilíkan framhaldsskóla er samsett af eftirfarandi fjórum þáttum sem hver og einn er reiknaður sérstaklega:

#### Framlag til náms og kennslu

Grunnstoð nýja líkansins er verð á námsbraut í stað verðs á áfanga. Námsbrautir eru flokkaðar í 12 verðflokka sem verðmetnir eru á grundvelli launakostnaðar, hópastærða, aðstöðu og tækjabúnaðar. Hlutfallslegur verðmunur á milli flokka er fastur. Hlutfallsleg dreifing nemenda í námsbrautaflokka er að jafnaði stöðug í hverjum skóla en gert er ráð fyrir endurskoðun á þriggja ára fresti. Í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga t.d. frá árinu 2022 bls. 113 má sjá töflu sem sýnir verðmun flokka. Hafa ber í huga að nýja reiknilíkanið, eins og fyrra líkanið, er deililíkan, og tekur verð hvers flokks mið af útgjaldasvigrúmi á hverjum tíma.

#### Þjónustuframlag

Framlaginu er ætlað að styðja við þjónustu og stuðning sem skólinn skipuleggur, t.d. við nemendur í brotthvarfshættu, nemendur með annað móðurmál en íslensku, nemendur sem þurfa aðstoð vegna fötlunar og aðra nemendur með sértækar þarfir.

#### Útskriftarframlag

Útskriftarframlagi er ætlað að styðja við markmið stjórnvalda um að hækka hlutfall nemenda sem ljúka námi á tilsettum tíma. Framlagið er föst upphæð sem skiptist á milli framhaldsskóla eftir fjölda útskriftanemenda af heildstæðum námsbrautum á 2. og 3. hæfniprepi.

#### Önnur framlög

Öðrum framlögum er ætlað að koma til móts við ýmsan rekstrarkostnað s.s. vegna húsnæðis, smæðar skóla, stjórnunarkostnaðar o.fl. Sömuleiðis kostnaðar við ýmis sérverkefni skóla.

#### Nemandi í fullu námi

Í stað hugtaksins ársnemandi er í nýju reiknilíkani notast við hugtakið nemandi í fullu námi. Fullt nám er skilgreint sem 60 einingar á ári í aðalnámskrá framhaldsskóla. Nemendur eru aldrei taldir fleiri en höfðatala í viðkomandi skóla. Þar sem stúdentsbraut er skipulögð sem 200 eininga nám að lágmarki og nemandur skila að jafnaði fleiri en 60 einingum á ári er tekið tillit til þess í verðflokkum stúdentsbrauta. Nemendur á starfsbrautum/sérnámsbrautum fyrir fatlaða eru alltaf taldir óháð einingafjölda. Miðað er við að þegar reiknilíkanið er að fullu innleitt verði fjöldi nemenda í fullu námi og hlutfallsleg dreifing þeirra í verðflokka í hverjum skóla endurskoðaður á þriggja ára fresti.

a. Hvenær var reiknilíkanið uppfært síðast?

**Svar:** Reiknilíkanið er í stöðugri þróun og voru síðustu breytingar gerða fyrir fjárlög 2022.

6. Ráðuneytið ætlar að senda nefndinni svar við skriflegri fyrirspurn frá Alþingi um kostnaðarskiptingu í leikskólanáminu?

**SVAR:** Meðf. er svar við fyrirspurn frá Alþingi um stuðning og sérkennslu í grunnskólum..

Sjá má hér í tenglinum að neðan hvernig Hagstofan flokkar þetta. Hægt er að fá fram ýmsar upplýsingar og allt aftur til 1998 en einn liður þarna er Börn í leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings og eru nýjustu tölur frá árinu 2020.

[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_skolamal\\_1\\_leikskolastig\\_0\\_Is\\_Nemendur/SKO01105.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b9cec531-85fa-4f8d-bdaf-5301d23916dd](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_1_leikskolastig_0_Is_Nemendur/SKO01105.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b9cec531-85fa-4f8d-bdaf-5301d23916dd)

7. Í málaflokki 18.20 segir m.a:

"Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2022 er áætluð 6.105,6 m.kr. og lækkar um 57,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 269,5 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

**Svar:**

Hér að neðan má sjá breytingu á fjárheimildum málaflokksins, með og án breytinga vegna launa- og verðlags.

<b>Tilefni</b>	<b>m.kr.</b>
Minjastofnun - til að sinna lögb. hlutverki	50,0
Aðhaldskrafa - dreift hlutfallslega á verkefni	- 108,4
Dregið úr aðhaldskröfu sviðslistastofnana	55,8
Harpa - dregið úr aðhaldskröfu	19,3
Lækkun fjárh. vegna ferðakostn. gengur til baka	8,9
Íslenski dansflokkurinn - vegna kjarasaminga	3,0
Lækkun sértekna, að mestu vegna Covid-19	-82
Nýr samningur vegna hugbúnaðarleyfa	-4,4
<b>Breytingar á fjárheimild án launa- og verðlagsbr.</b>	<b>-57,8</b>
Launa- og verðlagsbreytingar	269,5
<b>Breytingar á fjárheimild m. launa- og verðlagsbr.</b>	<b>211,7</b>

8. Í sundurliðun breytinga milli ára kemur ekki fram þessi 57,8 m.kr. lækkun. Þvert á móti virðist um 95,4 m.kr. hækkun að ræða.  
Í hverju er þessi munur fólgin?

**Svar:**

Orðalag í tölulið b í upptalningu á helstu breytingum á fjarheimildum í málaflokki 18-2 er því miður ónákvæmt. Ekki er um nýtt framlag að ræða. Réttara hefði verið að segja að tímabundið framlag til Kvikmyndamiðstöðvar, er veitt var í sérstöku fjárfestingaátaki á árinu 2021, haldi áfram.

9. Í stjórnarsáttmála segir: Unnið verður að því að koma menningararfi þjóðarinnar yfir á stafrænt form til að tryggja varðveislu og aðgengi almennings. Á þetta jafnframt við um safn Ríkisútvarpsins?

**Svar:** Já. Í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu er meðal annars kveðið á um unnið verði að því að færa gamalt efni Ríkisútvarpsins í stafrænt form og gera það aðgengilegt almenningi.

10. Er ætlunin að fjármagna nýja streymisveitu á vegum ríkisins?

a. Liggur fyrir kostnaðaráætlun?

b. Hefur verið hugað að samkeppnissjórnarmiðum?

**Svar:** Í samræmi við kvikmyndastefnu stjórnvalda til ársins 2030 vinnur Kvikmyndamiðstöð Íslands ötullega að framkvæmd hennar. Fjallað er um Kvikmyndavefinn og þróun íslenskrar streymisveitu í markmiði 1 aðgerð 3 í stefnunni.

Við undirbúning veitunnar hefur Kvikmyndamiðstöð Ísland átt samtöl við fulltrúa þeirra sem reka efnisveitur í dag (Símann, Vodafone og Nova) og jafnframt skýrt þeim frá fyrirætlunum og sannfært þá um að miðstöðin ætlar ekki í samkeppni við einkaaðila sem sinna þessu verkefni vel.

Veitunni verður skipt í tvennt, fyrir innlenda og erlenda aðila.

Innlenda veitan er aðeins fyrir það efni sem er ekki aðgengilegt á öðrum veitum t.d. eldri myndir, heimildamyndir og stuttmyndir. Uppbyggingin verður þannig að á Kvikmyndavefnum er hnappur „horfa“ sem vísar áhugasömum á þá veitu sem viðkomandi mynd er á (hjá Símanum, Vodafone eða Nova). Ef myndin er ekki aðgengileg á neinum þessara, getur áhorfandi keypt áhorf hjá miðstöðinni.

Það sama á við erlenda hluta veitunnar: þannig getur einstaklingur t.d. í Þýskalandi slegið inn myndatitil á vef Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Ef myndin hefur verið seld í dreifingu þar er beint á þarlenda rétthafa; ef ekki þá er einstaklingnum beint á hina nýju veitu/Kvikmyndavefinn.

Sjá sýnishorn á tengli en framsetning enn í vinnslu:

<https://www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/1965>

Ekki er ráðlagt að Kvikmyndamiðstöð byggji upp eigin veitu. Stofnkostnaður við það er hár auk viðhalds og rekstrar. Þar sem íslensku veiturnar og RÚV hafa ekki þróað tækni eða greiðslumódel sem gagnast erlendis frá, hefur Kvikmyndamiðstöð Íslands leitað til Vimeo sem rekur kerfi á þessu sviði um allan heim. Nokkrar erlendar stofnanir nýta sér þá leið nú þegar. Með samningi við Vimeo er innifalinn tækniástoð við leigjanda myndarinnar.

Rammasamningur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands við Vimeo er innan við 5 millj.kr. á ári og mun þegar fram í sækir gagnast miðstöðinni líka í daglegu starfi við að miðla sýniseintökum gagnvart erlendum hátíðum og öðrum fagaðilum. Annar kostnaður mun þá lækka á móti.

Miðstöðin sér þessa miðlunarleið/streymisveitu eins og nokkurs konar bókasafnskerfi þar sem opinbera stofnunin (KMÍ) veitir umgjörðina fyrir rétthafa til að gera kvikmyndað efni og menningararf þjóðarinnar aðgengilegan hvar sem er í heiminum.

11. Óskað er eftir minnisblaði um verk- og iðnám:

**Svar:**

Íslenska starfsmenntakerfið hefur um langt skeið verið óbreytt í meginatriðum, á meðan þörfin fyrir starfs- og tæknimenntað fólk hefur aukist. Starfsmenntakerfið byggir á traustum grunni, en hefur ekki verið uppfært í takt við tímann, þarfir atvinnulífsins og samfélagsþróunina. Engar breytingar voru gerðar á starfsnámi þegar bóknám í framhaldsskólum var stýtt og endurskoðað fyrir fáeinum árum. Skortur á menntuðu fólki í mörgum starfsgreinum hefur þegar gert vart við sig á undanförunum árum.

Í maí 2019 skrifuðu fulltrúar Háskólans í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins, Tækniskólans, Iðunnar fræðsluseturs og Rafmenntar undir viljayfirlýsingu um samstarf við að kortleggja, efla og kynna tækifæri á háskólanámi að loknu starfsnámi. Markmiðið með samstarfinu var einnig að vekja áhuga nemenda á starfsnámi og að vekja athygli á viðbótarnámi á háskólastigi að loknu starfsnámi. Ennfremur var markmiðið að efla upplýsingagjöf, m.a. um hversu góður undirbúningur starfsnám er fyrir margvíslegt nám á háskólastigi og hversu eftirsóttir starfskraftar með slíka menntun eru í atvinnulífinu. Sett voru á fót samstarfsráð og verkefnisstjórn um fagháskólanám sem fjölluðu um og mátu þróunarverkefni um fagháskólanám. Átakið hefur meðal annars skilað þeim árangri að í júní 2020 undirrituðu Háskóli Íslands og Keilir samstarfssamning um verkaskiptingu vegna 60 ECTS eininga fagháskólanáms í leikskólafræðum á Suðurnesjum. Um er að ræða átaksverkefni til að efla menntun starfsfólks leikskóla.

Undanfarin ár hefur einnig verið unnið að þróun hugmynda um kennslu á háskólastigi á Austurlandi – háskólaútibúi. Upphafsskref verkefnisins fjármögnuðu sveitarfélög og fyrirtæki á Austurlandi sem lið í áframhaldandi uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi byggt á sérstöðu og styrkleikum atvinnulífsins á svæðinu. Í september 2020 undirritaði mennta- og menningarmálaráðherra samning við Austurbrú um stofnun háskólaútibús og kennslu á háskólastigi á Austurlandi. Markmið verkefnisins er að koma á fót virku háskólasamfélagi á Austurlandi með stofnun útibús með kennslu á háskólastigi. Haustið 2021 hófst kennsla í frumgreinadeild (brúarnám/aðfaranám) og að því stefnt að kennsla í hagnýtri iðnaðartæknifræði hefjist á Austurlandi haustið 2022.

Í febrúar 2020 var skrifað undir samkomulagið „Fyrir mig!“ sem er heiti á kynningarátaki sem allir starfsnámsskólar standa að í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Markmiðið með átakanu er að vekja athygli á starfs- og tækninámi og þeim tækifærum sem slíkt nám býður upp á. Útbúnar voru auglýsingar og myndbönd til að nýta í kynningarstarfi. Áhersla var lögð á að höfða til fjölbreytts nemendahóps og að fjölga konum í þeim iðngreinum sem hafa verið mjög karllægar. Átakið hefur þegar skilað þeim árangri að innrituðum konum hefur fjölgað í iðngreinum þótt í flestum tilfellum vanti enn talsvert upp á að fullt jafnræði náist. Með samkomulaginu var ákveðið að fara í samstilltar aðgerðir, en þær eru helstar:

- Aukin áhersla á að allir grunnskólanemar fái kennslu í verk-, tækni- og listgreinum samkvæmt aðalnámskrá, en misbrestur hefur verið á því í sumum skólum,
- Breyting á lögum um háskóla svo iðnmenntaðir njóti sömu réttinda til að sækja um háskólanám og þeir sem lokið hafa stúdentsprófi,
- Einföldun skipulags starfs- og tæknináms svo að námið verði í auknum mæli á ábyrgð skóla frá innritun til útskriftar,

- Bætt aðgengi að starfs- og tækninámi á landsbyggðinni, enda ræður námsframboð í heimabyggð miklu um námsval ungmenna að loknum grunnskóla,
- Styrking náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum, bæði til ungmenna og foreldra, svo ákvörðun um námsval byggir á ítarlegum og góðum upplýsingum um nám, tækifæri og starfsmöguleika.

Lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 var breytt með lögum nr. 46/2021 sem tóku gildi 8. júní 2021. Lögin fólu fyrst og fremst í sér breytingu á aðgangsskilyrðum í háskóla þannig að í staðinn fyrir að nemandi skuli fyrst og fremst hafa lokið stúdentsprófi kemur nýtt skilyrði um að nemandi skuli hafa staðist lokapróf frá framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi. Lögunum er ætlað að auka jafnræði til háskólanáms og hvetja háskóla til að setja skýr og gagnsæ aðgangsviðmið um hvaða hæfni, þekkingu og færni nemandi þarf að búa yfir til að sækja nám á einstökum námsbrautum.

Í maí 2021 var skrifað undir samning um framkvæmd á rúmlega 2.100 fm nýbyggingu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sem mun mæta þörfum skólans fyrir stærri og betri verknámsaðstöðu. Áætlaður stofnkostnaður vegna hennar nemur 1.058 milljónum kr. og skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en Reykjavíkurborg 40%. Þá er til skoðunar að byggja við aðstöðu fleiri starfsnámskóla s.s. Menntaskólans á Ísafirði, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Verkmenntaskólans á Akureyri. Aukin kennsluástaða í starfsmenntaskólum alls staðar á landinu mun styðja við fjölgun nemenda í starfsmenntun til framtíðar.

Undirliggjandi vandi iðngreinahluta starfsnáms hefur m.a. verið flókið skipulag sem hefur verið nánast óbreytt í áratugi. Þetta hefur skapað ýmsar hindranir og óvissu um námslok fyrir nema. Ljóst var að aukið samráð við alla lykilaðila myndi ekki duga til þess að efla starfsmenntun með þeim hætti sem vilji var fyrir og því þörf á kerfislægum breytingum. Ráðist var í endurskoðun á reglugerð um vinnustaðanám. Ný reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021 tók gildi hinn 1. ágúst 2021. Helstu breytingar í nýrri reglugerð eru að ábyrgð á námssamningi færist frá nemanda yfir á skóla. Þannig verður samfella í vinnustaðanámi og tengsl nemanda við skóla óslitin allan námstímann. Tengsl skóla og vinnustaðar verða jafnframt nánari og markvissari. Önnur lykilmeyting er að framvegis ræður hæfni nemanda tímalengd vinnustaðanáms en ekki fyrirfram ákveðinn viknafjöldi eins og áður var. Skilgreindir hafa verið hæfnipættir fyrir hverja námsgrein og þarf nemi að ná tökum á þeim handbrögðum sem þar eru tilgreind til að ljúka viðkomandi hæfnipætti. Vinnustaðanámið verður því mun markvissara en verið hefur og nemandi hafa tök á því að útskrifast fyrr en áður. Helstu tækifæri nýrrar reglugerðar eru að með meira gagnsæi og mögulegri styttingu námstíma verði aukinn áhugi á starfsmenntanámi og nemum fjölgir í kjölfarið.


Frá 2018 hefur rafræn ferilbók verið í þróun en hún er mikilvægur liður í því að einfalda utnumhald og auka gæði í verk- og starfsþjálfun. Rafræn ferilbók er hugbúnaður sem leysir af hólmi ferilbækur á pappírformi. Ávinningurinn af því að innleiða rafræna ferilbók er mikill. Fyrir nemendur, þá mun hún auka fjölbreytni náms og námsmats í starfsþjálfun. Ferilbókin á að tryggja að nemandinn fái þjálfun í þeim verkþáttum sem hæfnikröfur gera ráð fyrir. Að auki mun þetta styrkja réttindi starfsnámsnemenda. Fyrir atvinnulífið er ábatinn sá að samskiptin við skólakerfið verða skilvirkari og einfaldari. Gæði náms munu aukast, útkoman verður öflugra nám sem styrkir atvinnulífið og fjölgar iðnmenntuðum í landinu.

Í júní 2021 skrifuðu mennta- og menningarmálaráðherra, Iðan fræðslusetur og Rafmennt (fyrir hönd atvinnulífsins) undir samstarfsyfirlýsingu um aðkomu atvinnulífsins að innleiðingu nýrrar reglugerðar í þeim tilgangi að fjölga starfsnámsnemum og styrkja samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs til eflingar vinnustaðanáms. Með yfirlýsingunni lýstu Iðan og Rafmennt jafnframt yfir vilja til að aðstoða framhaldsskóla við að finna pláss á vinnustöðum. Innleiðing nýrrar reglugerðar um vinnustaðanám og rafrænnar ferilbókar helst í hendur. Hinn 26. ágúst 2021 var rafræna ferilbókin tekin formlega í notkun þegar fyrstu rafrænu




námssamningarnir voru undirritaðir. Hinn 25. nóvember sl. var fyrsta birtingarskráin tekin í notkun en hún heldur utan um þá aðila sem uppfylla þau skilyrði að mega taka nema í vinnustaðanám. Birtingaskráin mun einnig auðvelda yfirsýn og tölfræðivinnslu sem gagnast mun við greiningar, stefnumótun og rannsóknir.

Ofangreindar aðgerðir hafa þegar haft þau áhrif að merkja má fjölgun starfsnámsnemenda í framhaldsskóla. Mynd 1 sýnir að nemendum í húsasmíði og í grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina hefur fjölgað um tæplega 57% frá árinu 2018 og mynd 2 sýnir að nemendum í rafvirkjun og grunnnámi rafiðna hefur fjölgað um rúmlega 50% frá árinu 2018.



Mynd 1




Mynd 2

Aldurssamsetningin í starfsnáminu er ekki sambærileg á við annað nám. Á mynd 3 má sjá aldursdreifingu í samtals 30 framhaldsskólum eftir námsleiðum haustið 2021. Hver lína sýnir hlutfallslega dreifingu viðkomandi aldursflokks. Vakin er athygli á að starfsbrautir eru námsbrautir sem sérstaklega eru skipulagðar fyrir fatlaða nemendur skv. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Myndin er tekin af vefsíðu Menntamálastofnunar (<https://mms.is/nemendasamsetning-i-hefðbundnum-framhaldsskolum>) en þar má finna fleiri upplýsingar.


Mynd 3

Aldursdreifing í 30 framhaldsskólum eftir námsleiðum haustið 2021



Mynd 4

Kynjadreifing í 30 framhaldsskólum eftir námsleiðum haustið 2021



a. Hvert var markmið fjölgunar – hlutfall af fólki á menntaskólaaldri í iðnnámi?

**Svar:** Markmiðið er að koma til móts við þann skort sem fram hefur komið í mörgum starfsgreinum á undanförunum árum.

b. Hversu stór hluti eru fullorðnir aðilar?

**Svar:** Ætla má að það sé um 7 þús. nemendur í starfsnámi og af þeim þá séu um 71% nemenda eldri en 19 ára og um 45% nemenda eldri en 25 ára.

c. Er þetta tímabundinn kúfur?

**Svar:** Við ætlum að þetta sé tímabundin kúfur en hins vegar þá hafa eldri nemendur sótt í starfsnámið.

- d. Er þetta partur af atvinnuúrræði v/COVID? Hvert er markmið þessarar fjölgunar?  
Nýttist nám er tækifæri þá hér?

**Svar:** Nei, þetta er ekki atvinnuúrræði v/Covid, en ætla má að einhverjir einstaklingar hafi nýtt sér tækifærið og farið í starfsnám á þessum Covidtíma. Markmið fjölgunarinnar er að koma til móts við þann skort sem fram hefur komið í mörgum starfsgreinum á undanförunum árum.

- i. Hefur verið rætt að skipta þessum hópum upp, ungu fólki og fólki á fullorðinsaldri?

**Svar:** sjá svar 3 a.

- e. Óskað er eftir minnisblaði sem sýnir þróun fjármagns á framhaldsskólanema í ljósi þess að misræmi virðist vera í fljótu bragði vera varðandi það fjármagn sem situr eftir fjölgunina í fyrra.

**Svar:** sjá svar 4 a.